


Menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1080  
komudagur 27.2.2006



Reykjavík 23. febrúar 2006

**Erindi:** Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga, þskj.655 - 434. mál.  
**Sendandi:** KFUM og KFUK á Íslandi.

KFUM og KFUK lýsa yfir ánægju með nýtt frumvarp að æskulýðslögum sem nefnd á vegum menntamálaráðuneytis hefur undirbúið nú um nokkurt skeið. Það er almennt álit okkar að löggin taki til þeirra þátta sem máli skipta varðandi æskulýðsstarf á Íslandi og sé góður rammi utan um það. Við lýsum einnig yfir ánægju okkar með þau faglegu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð og koma meðal annars fram í því að löggin eru unnin út frá vandaðri vinnu nefndar sem gerði úttekt á æskulýðsstarfi og skilaði skýrslu og tillögum árið 2003.

Við höfum í raun engar athugasemdir við frumvarpið. Eitt atriði viljum við þó nefna. Það varðar V. kafla 11. gr.:

Í greinargerð með 3. grein og 11. grein er ítrekað að víða erlendis "sé lögð rík skylda og fjárhagsábyrgð á sveitarfélögum í æskulýðsstarfi, bæði um að útvega húsnæði undir starfsemi félaga og félagasamtaka og eins um fjárstuðning við starfsemina" (bls. 10). Sjá einnig bls. 14 en þar segir: "Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að sveitarstjórnir hlúi að og stuðli að fjölbreyttri þátttöku barna og ungmenna í frjálsum æskulýðsstarfi". Við skoðun 11. greinar veltum við fyrir okkur hvort nógu sterkt sé kveðið á um skyldur sveitarstjórna varðandi stuðning við frjálst æskulýðsstarf.

Í vinnu KFUM og KFUK við skoðun frumvarpsins hafa komið aðilar úr ýmsum geirum samfélagsins sem jafnframt hafa tekið þátt í starfi KFUM og KFUK. Í umsögn þeirra hefur komið fram það álit að frumvarpið beri með sér velferð barna og ungmenna og sé unnið út frá hagsmunum þeirra. Það sést meðal annars í 10. grein þar sem reynt er að tryggja öryggi barna og í 12. grein sem hvetur til stofnunar ungmennaráða og sýnir vilja til að leyfa rödd ungmennanna að heyrast. Við fögnum framkomnu frumvarpi og mælum með samþykkt þess.

Virðingarfyllt,  
F.h. KFUM og KFUK á Íslandi

Gyða Karlsdóttir, framkvæmdastjóri

**KFUM & KFUK**

Holtavegi 28 104 Reykjavík  
Sími 588 8899 Fax 588 8840  
Netfang kfum@kfum.is  
www.kfum.is www.kfuk.is